

# Framsýnn framkvæmdastjóri

**Skólastræti Tækniskólans ehf.** leitar að reynslumiklum og framsýnum framkvæmdastjóra sem mun leiða hönnun og byggingu nýs Tækniskóla við Flensborgarhöfn. Skólastræti er félag í eigu Tækniskólans, skóla atvinnulífsins. Markmið félagsins er að byggja nútímalegan skóla, með þarfir atvinnulífs, nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, þar sem vagga starfs- og tæknináms mun eiga lögheimili.

Framkvæmdastjóra er falið það ábyrgðarhlutverk að stýra þessu metnaðarfulla verkefni og sigla því í heimahöfn í Hafnarfirði.

### ÁBYRGÐAR- OG STARFSSVIÐ:

- > Dagleg stjórnun og rekstur félagsins
- > Yfirumsjón með öllum þáttum hönnunar- og byggingarferlisins
- > Samningagerð við hagsmunaaðila
- > Samráð við sveitarfélög, hönnuði, verktaka, ráðgjafa og aðra fagaðila
- > Upplýsingamiðlun m.t.t. sjónarmiða starfsfólks og nemenda Tækniskólans í hönnunarferli nýs skóla

### MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:

- > Reynsla og þekking á umfangsmiklum skipulags- og þróunarverkefnum
- > Reynsla af umfangsmiklum framkvæmdum og samningagerð
- > Reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð
- > Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni
- > Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- > Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Skólastrætis Tækniskólans.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. október 2024.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar Garðar Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Margrét Stefánsdóttir ([margret@vinnvinn.is](mailto:margret@vinnvinn.is)) hjá Vinnvinn.





# Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs

Húnaþing vestra leitar að öflugum og drífandi leiðtoga til að leiða umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið sveitarfélagsins. Meginverkefni sviðsins eru nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál, umsjón með fasteignum í eigu þess ásamt rekstri þjónustumiðstöðvar. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og situr í framkvæmdaráði sveitarfélagsins.

Um fullt starf er að ræða með starfsstöð í ráðhúsi Húnaþings vestra á Hvammstanga.

## ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón og ábyrgð á fjármálum og rekstri sviðsins, þ.m.t. gerð fjárhagsáætlunar og starfsmannahald
- Stefnumótun og áætlanagerð fyrir málaflokka sviðsins í samstarfi við yfirstjórn
- Ábyrgð á rekstri veitukerfa sveitarfélagsins, s.s. vatns-, frá-, og hitaveitu
- Ábyrgð á umhverfis-, hreinlætis- og úrgangsmálum sveitarfélagsins
- Ábyrgð á rekstri hafnar og þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins
- Umsjón með undirbúningi útboða og verðfyrirspurna í tengslum við verklegar framkvæmdir
- Ábyrgð á verkefnastjórnun ný- og viðhaldsframkvæmda sveitarfélagsins ásamt kostnaðareftirliti
- Seta í framkvæmdaráði Húnaþings vestra

## ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. í verk-, bygginga- eða tæknifræði eða meistaráttindi í iðngrein sem tengist störfum sviðsins. Framhaldsmenntun er kostur
- Víðtæk og farsæl reynsla af rekstri, stjórnun, verkefna- stjórnun og verkstjórn
- Reynsla af áætlanagerð, samningagerð og kostnaðareftirliti
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga og lögum og reglugerðum sem varða starfsemi sviðsins er æskileg
- Reynsla af rekstri dreifikerfa veitna og verklegra framkvæmda er æskileg
- Leiðtogahæfni og reynsla af breytingastjórnun
- Rík þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, skipulagshæfni, árvekni og nákvæmni í störfum
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér nýjungar

## Um Húnaþing vestra

Húnaþing vestra er afar vel staðsett, miðja vega milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hvammstangi er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Heildarfjöldi íbúa er um 1250 og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur verið all nokkur síðustu ár og áform uppi um áframhaldandi húsnæðisuppbbyggingu.

Niðurstöður íbúakannana hafa leitt í ljós almenna ánægju íbúa í Húnaþingi vestra með sveitarfélagið sitt og þá þjónustu sem þar er veitt. Til dæmis hafa íbúar verið þeir ánægðustu á landinu með heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða, næst ánægðastir á landinu með menningarlíf og tónlistarskóla og þriðju ánægðustu á landinu með vörurval svo fátt eitt sé talið.

Húnaþing vestra er fjölskylduvænt samfélag með hátt þjónustustig, metnaðarfullt leik-, grunn- og tónlistarskólustarf ásamt því að rekin er dreifnámsdeild frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á staðnum. Gott framboð er af íþrótta- og tómstundastarfi sem er í sífelldri þróun. Sveitarfélagið er útivistarparadís, sundlaugin á Hvammstanga er fyrsta flokks, einnig er þar íþróttahús með þreksal og er félagsstarf afar fjölbreytt. Blómlegt menningarlíf er til staðar, kórar, leikflokkur, alþjóðlegt brúðuleikhús, menningarfélag o.fl. Hjá sveitarfélaginu starfa um 120 manns.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is).

Umsóknarfrestur er til og með **14. október 2024**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Auk þess skulu prófskírteini fylgja með umsókninni. Launakjör taka mið af kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Samkvæmt samþykktum um stjórn sveitarfélagsins ræður sveitarstjórn sviðsstjóra. Samkvæmt jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru öll kyn hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511 1225.



## FRAMKVÆMDASTJÓRI VINDS OG JARÐVARMA

# Við leitum að leiðtoga

Framtíðarsýn okkar hjá Landsvirkjun er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Við leitum að framkvæmdastjóra til að vera í broddi fylkingar á þeirri vegferð og leiða svið vinds og jarðvarma; leiðtoga sem vill starfa á framsæknum vinnustað með öflugri liðsheild og góðum starfsanda. Viðkomandi þarf að vera framúrskarandi í mannlegum samskiptum og hafa brennandi áhuga á rekstri jarðvarma- og vindorkuvera.

Svið vinds og jarðvarma sér um rekstur jarðvarmastöðva og vindorkulunda, ásamt viðhaldi og endurnýjun orkumannvirkja. Þá þróar sviðið nýja orkukosti fyrir jarðvarma og vindorku.

Framkvæmdastjóri vinds og jarðvarma situr í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra.

### Hæfni:

- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- farsæl reynsla af stjórnun og rekstri
- stefnumótandi hugsun
- yfirgripsmikil þekking á orkumálum
- áhugi á þróun, nýsköpun og tækni

### Umsóknarfrestur er til og með 12. október

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[landsvirkjun.is/storf](https://landsvirkjun.is/storf)

Fyrirspurnir má senda á  
**Anna Rut Þráinsdóttir**  
[anna.rut.thrainsdottir@landsvirkjun.is](mailto:anna.rut.thrainsdottir@landsvirkjun.is)

**Sverrir Briem**  
[sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)

 **Landsvirkjun**



## Sérfræðingur í heimilislækningum

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf í spennandi starfsumhverfi þar sem áhersla er á nýsköpun og framþróun.

Umsóknarfrestur er til og með 18. október 2024. Starfshlutfall er 80-100%.

Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Sólvangi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. desember nk. eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að ráða áhugasaman almennan lækni sem hefur hug á sérnámi í heimilislækningum, fáist ekki sérfræðingur í starfið.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heimilislæknis er viðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd og vaktþjónustu. Hann veitir fræðslu og upplýsingar og leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum. Heimilislæknir er virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu, sinnir kennslu starfsfólks og nema og tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi.

### Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi
- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Reynsla af kennslu er æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og áhugi til samstarfs og þátttaka í teymisvinnu
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Góð enskukunnátta


Nánari upplýsingar veita Þórunn Jóhanna Júlíusdóttir - [thorunn.johanna.juliusdottir@heilsugaeslan.is](mailto:thorunn.johanna.juliusdottir@heilsugaeslan.is) - 513-6222  
Heiða Sigríður Davíðsdóttir - [heida.sigridur.davidsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:heida.sigridur.davidsdottir@heilsugaeslan.is) - 513-6221



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík  
Sími 552 1212 | [vinnvinn@vinnvinn.is](mailto:vinnvinn@vinnvinn.is) | [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is)

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

intellecta.is  
**RÁÐNINGAR**



intellecta

## Smáauglýsingar

## Raðauglýsingar

## Húsviðhald

## Húsviðgerðir

www.husco.is

Sími 555 1947  
Gsm 894 0217

## A.O. verktakar

Tökum að okkur parketlagnir, almennt viðhald, viðgerðir og nýsmíði fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Fagleg og góð þjónusta.

Uppl. í síma 761 8055.

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK  
FLOTUN - SANDSPARSL  
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor  
byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994

## Til sölu

Merbau pallaefni(mahogany)  
21x145mm Verð tilboðBankirai pallaefni(parket)  
21x145mm Verð tilboðCumaru paniill 10x90mm og pallaefni  
21x90mm, 21x140mm

Penofin harðviðarollá 3,8 lítrar

Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.  
opið 10-14 virka daga  
magnus@vidur.is  
gsm: 660 0230 Magnús

## Bækur til sölu

Þulur Theódóru Thoroddsen 2., 3., 4. útgáfa, Edda 1818, Kormákssaga 1832 ób., Skýrsla Bessastadaskóla 1841, Ágrip af mannskynsögunni Páll Melsteð 1844, Sjálfstætt fólk 1. útg. íbmk (Sigurbór), Sóleyjar-saga 1-2, Vögguvísa 1. og 2. útgáfa, Gamalt fólk og nýtt, Eftir örstuttan leik, Spegln, Það var nú þá, Elías Mar, Sjóstaman í meyjarmarkinu, Klettabelti fjallkonunnar, Stækkunargler undir smásjóni, Svafár, Myndir og ljóðabrot, Ljóð, Ljóð Vilmundar V.G., Kvæði, Á Gnitahéiði S.H., Stíllur J.Th. 3/75 áritað, Grímsvatnagrallari 1975, Ljóðmæli Matthíasar J. 1902 1-5, Upprisan Ó.G. 44/50 (Flóki), Blekking og þekking, Í húsinu okkar er þoka K.O., Þorpið 1. og 2. útg., Codex Runicus 1877 ób., Æviminningar Ólafs Sverrissonar 1997 1/50, Hellismannasaga Winnipeg 1889, Ísl.-rússnesk orðabók, Flateyjar-Freyr, Við sundin blá 2. útg. ób., Gerska ævintýrið 1. útg. ób. ós., Landnámabók Íslands 1925 Dk., Íslensk formkvæði F.J. 1914, 101 hringhenda RÓ.SN., Blandaðir á-vextir U.J., Íslenskur aðall, Í Unuhúsi 1962 ób.ós., Matur og drykkur H.S., Kötluagosíð 1918, Rit um jarð-elda á Íslandi 1. og 2. útg., Jarð-skjálftar á Suðurlandi, Illgresi 1. útg. 1934, Njóla 1884 3. útg., Kvæði og kvíðlingar 1888 H.J., Kvæði Be.Gr., Sögur og kvæði E.B. 1897, Fingrarím 1838, E.Ó. 1899, Kirkjan á hafsbotni, Í austurvegi, Hliðin á sléttunni, Draumurinn, Ásta, Vísur Þuru í Garði, Egilssaga 1809.

Upplýsingar í síma 898 9475

## Málarar

## MÁLARAR

Tökum að okkur öll almenn máln-ingarverkefni. Við erum faglærðir málar með mikla reynslu. Sann-gjarnir í verði. Hafið samband í síma 782-4540 eða loggildurmalari@gmail.com

## Bækur

## Bækur óskast

Óska eftir að kaupa eftirtaldir bækur:

4 stk. Hinn sanni Íslendingur, eftir Sigríði Matthíasdóttur, Háskólaútgáfan, Rvk. 2004.

Hafið samband við: Haukur: 100250-3579; -- hab11@hi.is eða haurkurbaldurs@gmail.com

Símar: 5675768 og 8885769

## Garðar

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR  
& SMÁVÉLAVIÐGERÐIRÖll almenn járnsmíði - Sláttuoríf  
Sláttutraktorar - Dælur -  
Jarðvegsþjoppur Rafstöðvar -  
Kerrusmíði - Sláttuoríf  
Keðjusagir - Hekklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávelum



## SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur  
Netfang: velaverkjs@simnet.is  
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

## Hljóðfæri

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.isGítarar  
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

## Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag  
ReykjavíkurSíðumúla 31  
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðilseinka-tíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl. o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.

Þórhallur Guðmundsson miðill.

- Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18  
flesta daga ársins

SRFR.

## Bílar



Kia Rio Diesel 2/2017. Ekinn aðeins 99 þús. km. Snyrtilegur eyðslugrannur bill á lágu verði. Góð þjónustusaga.

Verð: 1.590.000.-

En ef þú kemur í kvelli með 1,4 þá keyrir þú burt!

www.sparibill.is  
Hátúni 6 A - sími 577 3344  
Opíð kl. 10-18 virka daga

## Húsnæði óskast

Bilskúr óskast á leigu í 3-6 mánuði til geymslu húslóðar. Upplýsingar í síma 8525212

## Sumarhús



## Sumarhús - Heilsárshús Gestahús - Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús - margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla -

endilega kynnið ykkur málið.

Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn,  
sími 892-3742 og 483-3693,  
www.tresmidjan.ismbl.is  
alltaf  
alstaðar

## Tilkynningar

## Norðurþing



## Tillaga að breytingu deiliskipulags skólasvæðis á Húsavík

Skipulags- og framkvæmdaráð, samþykkti á fundi sínum þann 24.9.2024 að kynna tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir skólasvæði á Húsavík skv. 1 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér skilgreiningu nýs byggingarreits norðaustan Borgarhólsskóla vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar húss fyrir starfsemi frístundar. Húsið yrði á einni hæð auk kjallara, með tvíhalla þaki og mænishæð að hámarki 6 m yfir gólfkóta jarðhæðar. Hámarksgrunnflötur húss væri 500 m² fyrir hvora hæð. Einnig er gert ráð fyrir tengigöngum úr kjallara nýbyggingar yfir í Borgarhólsskóla og að íþróttahöll. Nýtingarhlutfall lóðar Skólagarðs 1 hækkar úr 04 í 0,45. Skipulagstillagan inniheldur aðrar minniháttar breytingar.

Breytingartillagan ásamt greinargerð er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1.

Breytingartillaga þessi er nú til kynningar á heimasiðu Norðurþings (nordurthing.is) auk þess sem hún hangir uppi á skrifstofu Norðurþings á Húsavík. Kynningartími skipulagsins er frá 03. október 2024 til 14. nóvember 2024. Þeim sem kynnu að hafa ábendingar eða athugasemdir er bent á að koma þeim á framfæri við Norðurþing fyrir 14. nóvember 2024. Tekið verður á móti ábendingum á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (skipulagsgatt.is) undir málnúmeri 1167/2024 eða á nordurthing@nordurthing.is.

Húsavík 25. september 2024  
Skipulagsfulltrúi Norðurþings

## Kynningarfundur

Mánudaginn 7. október 2024 kl. 17.30  
í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

## Kynningarfundur á breytingu aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagsverkefnum vegna Coda Terminal verkefnisins

Aðalskipulagsbreytingin miðar að því að skilgreina 8 nýja iðnaðarsvæðisreiti sem eru hver um sig 0,7 ha að stærð. Á hverjum reit er borteigur til niðurdælingar CO2 og vatnstöku og veg- og lagnatengingar á milli teiga, en borteigur er hugtak sem notað er yfir svæði þar sem niðurdæling koldíoxíðs fer fram.

Á hverjum borteig er áætluð stjórnbýgging, allt að 150 m² að stærð og allt að 8 niðurdælingarholur sem hver um sig er með borholuskýli. Lagnir milli borteiga verða neðanjarðar. Á borteigum verður CO2 leyst í vatni og dælt niður í berglögin.

Samhliða þessu eru iðnaðarsvæði sem eru skilgreind, 13 sameinuð og stækka á kosnað þess reits sem skilgreindur er óbyggt svæði ásamt því að breyta þarf 2 deiliskipulagsáætlunum og gera eitt nýtt deiliskipulag.

Vakin er athygli á því að hægt er að gera athugasemdir í gegnum skipulagsgátt skipulagsstofnunar til 10. október nk. skipulagsgatt.is/issues/2024/86

Nánar á:  
hfj.is/fundur-coda

- Nýtt deiliskipulag í sunnanverðu Kapelluhrauni. Gert er ráð fyrir 4 nýjum lóðum til niðurdælingar, lagnaleiðir ásamt vegarslóðum eru skilgreindir.
- Deiliskipulag Hellnahrauns 2. áfangi, breyting. Skipulagsmörkum verður breytt og skilgreind ný lóð með byggingarreit norðan við Breiðhelli 16. Sýnd er aðkoma og lagnaleið.
- Deiliskipulag Hellnahrauns 3. áfangi, breyting. Skipulagssvæðið stækkar og lóðum verður breytt, nýrri lóð er bætt við og skilgreindar eru lagnaleiðir og aðkoma að lóðum.

Skipulagshöfundar munu kynna þessar skipulagsáætlanir og svara spurningum sem tengjast skipulagsgerðinni. Kjörnir fulltrúar munu einnig sitja fyrir svörum og verða fulltrúar Carbfix og EFLU viðstödd á fundinum.



mbl.is - fasteignir

# Raðauglýsingar

569 1100

## Listmunir

Leitum að verkum eftir:

**Jóhannes Kjarval  
Alfreð Flóka  
Kristján Davíðsson  
Guðmundu Andrésd.**

Einnig eftir Þorvald Skúlason  
og Hafstein Austmann fyrir fjársterkan aðila.

Upplýsingar í síma 895 0065  
smidjanlishus@simnet.is

**Smiðjan listhús, stofnað 1991  
Ármúla 36**

## Tilkynningar



### Umsóknir

um dvöl í íbúð fræðimanns  
í Kaupmannahöfn 2025.

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv.  
reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus  
til afnota tímabilið árið 2025.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð  
er að finna á heimasíðu Jónshúss:  
jonshus.dk (fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist  
skrifstofu Alþingis eigi síðar en  
**mánudaginn 4. nóv. nk.**

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Nýtt deiliskipulag, Hellnahraun 4. áfangi,  
skipulagslýsing**

Hafin er vinna við gerð deiliskipulags fyrir nýtt  
athafnasvæði í Kapelluhrauni, Hellnahraun 4.  
Áfangi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi  
sínnum 25.09.24 að auglýsa skipulagslýsingu  
í samræmi við l. mgr. 40 gr. skipulagslaga  
nr. 123/2010. Umrætt svæði er skilgreint sem  
athafnasvæði í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar  
2013-2025 og er að mestu leiti gert ráð fyrir  
léttum iðnaði sem ekki hefur í för með sér  
mengun og annarri þjónustustarfsemi samkvæmt  
skilgreiningu skipulagsreglugerðar.

Kynningartíminn er til **24.10.24** og má  
nálgast skipulagslýsingu á vef skipulagsgáttar  
**skipulagsgatt.is** og **hfj.is/skipulag**.  
Athugasemdir eða ábendingar skulu berast með  
rafrænum hætti í gegnum skipulagsgátt.

Hafnarfjarðarbær  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**hafnarfjordur.is**



## Rekstur nýs leikskóla



## Rekstur leikskólans Áshamars

Hafnarfjarðarbær óskar eftir áhugasömum aðilum til að reka nýjan,  
glæsilegan 6 deilda leikskóla, Áshamar. Leikskólinn er staðsettur í fallegu, ört  
vaxandi hverfi í Hamranesi í Hafnarfirði. Skólinn býður upp á framúrskarandi  
aðstöðu fyrir börn á leikskólaaldri.

Leitað er að aðilum sem brenna fyrir menntun og velferð barna, hafa reynslu  
af rekstri leikskóla eða sambærilegum rekstri og vilja leggja sitt af mörkum til að  
skapa öruggt og námsvænt umhverfi fyrir yngstu íbúa Hafnarfjarðar.

Sérstök áhersla er lögð á samstarf við foreldra og samfélagið allt, til að tryggja  
að leikskólinn þjóni þörfum barna á fjölbreyttan hátt.

Í skólum Hafnarfjarðar er lögð áhersla á farsæld og samþætta þjónustu í þágu  
barna með áherslu á fjölbreytileika, sköpun og samvinnu allra.

### Umsóknarfrestur til 20. október 2024

#### Aðilar skulu skila eftirfarandi:

- Greinargerð um áherslu á starfshætti og væntanlega hugmyndafræði skólans með  
vísan í aðalnámskrá leikskóla og sýn á hvernig unnið verði að uppbyggingu námsvæns  
umhverfis sem stuðlar að alhiða þroska barna, með áherslu á vellíðan og félagslega  
færni.
- Greinargerð um reynslu af rekstri leikskóla eða sambærilegum rekstri.

Hafa skal í huga að starf leikskólans skal vera í samræmi við menntastefnu  
Hafnarfjarðar sem byggir á þátttöku, samvinnu og virðingu fyrir ólíkum þörfum barna.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 20. október til **fanney@hafnarfjordur.is**, merktar „Rekstur  
leikskólans Áshamars“. Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri  
mennta- og lýðheilsusviðs. Fyrirspurnir sendist á ofangreint netfang.

Nánari upplýsingar og umsókn á:  
**hfj.is/ashamar-rekstur**



## Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrundi 40** Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Opin vinnustofa 9-12:00 –  
Ukulele, ókeypis kennsla og hjólfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia 10:15 –  
Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Söngfluglarnir, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 –  
Bókaklúbbur kl. 13:15 – Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 - Húsið lokar kl. 15:45 – Nánari  
upplýsingar í síma 411 2701 - Verið öll velkominn.

**Árskógar 4**, Fristunda- og félagsstarf Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16.  
Líkamsræktarhorn opið. Gönguþópur kl. 10. Steinamálun kl. 10-12. Samvera með  
presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Söngstund kl. 14.  
Bónusbíllinn, fer frá Árskögum 6-8 kl. 12:45. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala  
kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

**Boðinn** Fimmtudagur 3. október: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin frá  
kl. 13:30-16:00.

**Dalbraut 18-20** Handavinnusamvera kl.10, söngstund með Baldri kl.14.

**Félagsmiðstöðin Hraunbær 105** Morgunkaffi og spjall kl 9:00. Handavinna m/  
leiðbeinanda kl. 9:00-12:00. Helgistund kl. 9:30-10:00. Létt leikfimi/stólajóga kl. 10:30-  
11:00. Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Þrjónaklúbbur kl. 13:00. Létt ganga kl. 13:00.  
Sölu kynning frá versluninni Hjartað mitt. Fatnaður, inniskór og baðvörur kl. 13:00-  
15:00. Verið öll velkominn í Hraunbær 105

**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með  
hannyrðir kl. 8:30-12:00 Morgunleikfimi á RÚV kl. 9:45-10:00. Morgunandakt kl.  
10:00-10:40. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45.  
Heimaleikfimi á RUV kl. 13:25-13:35. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

**Félagsmiðstöðin Norðurbrún 1** Haustlítaferð Fimmtudaginn 3. október frá klukkan  
13:30 - 16:00 Skoðum haustlitina í Heiðmörk ásamt stuttu kaffistoppi í Hafnarfirði.  
Skráning og greiðsla á skrifstofu Norðurbrún 1 Verð: 5000 krónur innifalið: Rúta,  
kaffi og kaka Rútan fer frá Norðurbrún 1 kl 13:30

**Garðabær 07.30** Morgunvatnsleikf. í Sjál.sk. 8.30 Pool-hópur í Jónsh. 9.00-12.00  
Smíði í Smíðju 10.00 QJ-Gong í Sjál.sk. 10.00 Ganga frá Jónsh. 11.00 Stólajóga í  
Sjál.sk. 11.00-12.00 Tæknaaðstoð í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.00-16.00 Smíði í  
Smíðju 13.20-16.40 Kaffiveitingar í Jónsh 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 13.00-15.00  
Samlestur Eyrbyggja

**Gjábakkí** Kl. 9 til 10.15: Qigong. Kl. 11 til 12.15: Jóga. Kl. 13 til 15.30: Bókband. Kl. 13.30:  
HAUSTFAGNAÐUR - kaffihlaðborð, Hörður G. Ólafsson sér um tónlistina og fjörið!  
**Gullsmári** Fimmtudagur: Hnytingarnám kl. 10-12. Qi Gong kl. 10:30. Bútasauður/  
Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Jóga kl. 17:00.

**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa  
9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Púttæfingar kl. 13:30.  
Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

**Korpúlfa Borgir** Fimmtudagur: Stólajóga með Gyðu Dís kl. 9:00. Tölvu- og  
simaaðstoð kl. 10:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Menningarferð  
á Kjarvalsstaði kl. 13:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30.  
Tréutskurður á Korpúlfsstöðum kl:13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.  
Gleðin býr í Borgum.

**Lækjargata 14a** Margrét Sigfúsdóttir fyrirverandi skólalastjóri er gestur í Opna húsinu  
í safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14a. Góðar kaffiveitingar og gott  
samfélag.

**Samfélagshúsið Vitatorgi** Vítamín í Val - ókeypis líkamspjálfun í Valsheimilinu  
Hlíðarenda kl. 10:00-11:00. Haustlítaferð samfélagshúsanna kl. 11:00.  
Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Sköpun og dúti í handverkstofu kl.  
13:00-15:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

**Seltjarnarnes** Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffikrókur á Skólbraut kl.  
9. Jóga/leikfimi í salnum á Skólbraut kl. 11.00. Félagsvist með nemendum Való í  
salnum á Skólbraut í dag kl. 13.30. Allir velkomnir. Karlakaffi í safnaðarheimilinu  
kl. 14.00. Minnum á gönguna frá íþróttahúsinu á morgun kl. 10.30. Allir velkomnir,  
kaffisopi á eftir.



Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauðglýsingu á  
**atvinna@mbl.is**

Morgunblaðið

**mbl.is**

Færir þér fréttirnar

# Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku**. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is**. Aðeins er greitt eitt verð.

## Fjórir snertifletir – eitt verð!

**1**

Morgunblaðið  
fimmtudaga

**2**

Morgunblaðið  
laugardaga

**3**

mbl.is  
atvinna

**4**

finna.is  
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).\*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.\*\*

\*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023  
\*\*Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið **mbl.is** FINNA Q

## Raðauglýsingar

Tilkynningar



# Auglýsing um tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

## Kvosin - Tryggvagata 15 / Grófarhús

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. september 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, vegna lóðarinnar nr. 15 við Tryggvagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að gera innri og ytri breytingar á Grófarhúsi samkvæmt vinningstillögu hönnunarsamkeppnar sem haldin var árið 2022, en helstu breytingar eru breytt útlit á veggflötum hússins sem verður meira í anda upprunalegs útlits, niðurrif hæða innanhúss þar sem opnað verður milli hæða, breytt þakform með tveimur glerjuðum þakhæðum í stað núverandi þakhæðar og hækkun á hæðarkóta þaks sem nemur um hálfum metra, með frávikum vegna frágangs á þakplötu og tæknirýmum, ásamt því að gert er ráð fyrir framtíðartengingu við starfsemi Listasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu 17 með að hámarki tveimur göngubrúum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Skógarhlíð

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 26. september 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmörkum deiliskipulagssvæðis er stækkuð til norðausturs til þess að ná utan um breytingar á lóðum í tengslum við uppbyggingu nýs göngu- og hjólastígs. Þá er lóðarmörkum breytt í samræmi við gildandi lóðauppdrætti og mæliblöð. Jafnframt er bílastæðum fækkað á lóðum Skógarhlíðar nr. 24, 26 og 28 og fyrirkomulagi bílastæða á bílastæðalóð við enda Skógarhlíðar, austan við Skógarhlíð nr. 20, breytt og stæðum fjölgað. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá **3. október 2024 til og með 14. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 14. Nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

Reykjavík 3. október 2024  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

 Reykjavík

# Við leiðum fólk saman

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

 HAGVANGUR



Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

# Bólu settu heilsuna í forgang

Bólusetningar gegn  
COVID-19 og inflúensu  
eru nú í boði á þinni  
heilsugæslu.

Bókaðu tíma á  
 heilsuvera.is